DHL EXPRESS

# ÞJÓNUSTU- OG VERÐYFIRLIT 2024

## ÍSLAND




## AÐ BYRJA

Að tengjast heiminum
Kæri viðskiptavinur
Sjálfbærni
Þjónustutilboð
Hvernig á að senda með DHL Express
Stafræn væðing
Svæði og verð

**Viltu senda í dag?**
**Fáðu tilboð á MyDHL+**

# AÐ TENGJAST HEIMINUM



Afgreiðsla í
**220**
löndum og landsvæðum

Þjónusta við yfir
**500**
flugvelli um allan heim






**3.500**
starfsstöðvar

**300+**
flugvélar í flota okkar

**2.400+**
flugferðir á dag






**34.500**
farartæki



**148.000**
þjónustumiðstöðvar



**296 milljón**
tímamarkaðar vörusendingar á hverju ári



**120.000**
starfsmenn

Fyrir árið 2050 miðar DHL Group að því að hafa lokið kolefnisjöfnun fyrir alla vöruflutninga

MISSION 2050
**ZERO EMISSIONS**
GOGREEN




**415**
TAPA-vottanir*

Allar tölur eru á heimsvísu og áætlaðar miðað við lok árs 2022
*TAPA = Transported Asset Protection Association

# KÆRI VIÐSKIPTAVINUR

Velkomin(n) í þjónustu- og verðskrá DHL Express 2024. Ef þú lest þetta þá þýðir það að þú þarft að flytja eitthvað, annaðhvort persónulega eða í viðskiptatilgangi, frá einum stað til annars og þú vilt að það sé gert fljótt, örugglega og á áreiðanlegan hátt. Við erum hér til að aðstoða þig.

Sem ráðandi fyrirtæki á heimsmarkaði í Time Definite International-flutningum (TDI) og hraðsendingum, og alþjóðlegasta fyrirtæki í heimi, þá gerum við þetta. Við flytjum yfir eina milljón sendinga alla virka daga, frá A til B í 220 löndum og landsvæðum, eins fljótt, örugglega og áreiðanlega og mögulegt er og með eins miklu gagnsæi og hægt er. Meira en tvær og hálf milljón viðskiptavina um allan heim setja traust sitt á okkur og liðið okkar, sem samanstendur af yfir 120.000 viðurkenndum alþjóðlegum sérfræðingum, sem leggur sig allt fram við hverja einustu sendingu.

Flutningar á alþjóðavísu virðast loks vera að sjá fyrir endann á truflunum vegna COVID en eru enn ekki orðnir alveg „eðlilegir“ miðað við fyrri tíma. Þegar á heildina er litið er þjóðhagsleg staða á heimsvísu orðin stöðugri þrátt fyrir að óvissa sé enn til staðar. Flugumferð er enn ótraust í mörgum heimshlutum og stríð í Evrópu heldur áfram að auka á flækjustig alþjóðaflutninga. Þrátt fyrir þessa og aðra erfiðleika höfum við haldið áfram að fjárfesta í vernd fyrir sveigjanleika í alþjóðanetinu okkar sem gerir okkur kleift að veita öruggar og áreiðanlegar lausnir á aðfangakeðjum til að styðja viðskiptavini okkar.

**Sjálfbærni** er æ mikilvægara efni í öllum umræðum um flutninga og bjóðum við ykkur að fræðast um GoGreen Plus þjónustuna okkar sem sett var á markað 2023. Jöfnun okkar með sjálfbæru flugvélaeldsneyti, getur hjálpað til við að gera vörurnar umhverfisvænni sem er vaxandi forsenda í ákvarðanatöku, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Enn sem áður er lögð mikil áhersla á **stafvæðingu** hjá DHL og við höfum markaðssett heilmikið af verkfærum til að styðja viðskiptavini okkar, einkum lítil fyrirtæki. Til dæmis miðar nýja My Global Trade Services-verkfærið að því að minnka flækjustigið í tollinum og að ná tollafgreiðslu „réttri í fyrsta skipti“. DHL Express Commerce tool getur hjálpað minni fyrirtækjum að flýta fyrir því að fara með netsölu sína á alþjóðamarkað. Eigendur minni fyrirtækja; látið okkur hjálpa til við vöxt fyrirtækisins með því að gera ykkur kleift að spara meira eftir því sem þið sendið meira! Þú gætir haft gagn af **Dynamic Discounting** viðskiptakostunum okkar. Hefurðu áhuga? Hafðu samband!

Að lokum skaltu nota þessar leiðbeiningar til að kynna þér hvernig vörur, þjónusta og verkfæri DHL Express geta mætt kröfum þínum um vöruflutninga. **Þakka þér** fyrir að treysta okkur til að vera félagi þinn í vöruflutningum. Segðu okkur hvernig við getum stutt við vöxt fyrirtækisins þíns: hafðu samband við okkur á MyDHL+ eða með því að hringa í þjónustudeild í síma 535-1122.

Virðingarfyllst,



Krists Ezerins
Framkvæmdastjóri
DHL Express Ísland



# SJÁLFBÆRNI

Allt sem við gerum þjónar einum tilgangi: **Að tengja fólk og bæta líf.** Til að ná þessu markmiði þurfum við að gera allar víddir fyrirtækisins okkar sjálfbærarog. Vegvísir okkar að sjálfbærni sýnir á hvað við leggjum áherslu í þremur aðalmálefnum: Umhverfismálum, samfélagsmálum og stjórnarháttum (ESG). Sjá má ferlisrannsóknir og frekari upplýsingar hér.

## MARKMIÐ OKKAR FYRIR 2030

**<29 milljónir**
Losun á gróðurhús-lofttegundum verði undir 29 milljónum tonna

**€7 milljarðar**
Fjárfesting fyrir 7 milljarða evra í grænni tækni

**SBTi**
Skuldbinding við SBTi - frumkvöðla-starfsemi sem byggist á vísindum (e. Science-Based Targets initiatives)

**30%**
SAF-blöndun fyrir 30% af öllum loft-flutningum




## HREIN STARFSEMI FYRIR VERNDUN LOFTSLAGSINS

### Leiðtogi í sjálfbærri flugumferð

GOGREEN PLUS

Þjónusta okkar, GoGreen Plus, gerir þér kleift að takast á við græna flutninga með því að setja inn, eða minnka, koltvísýring í þinni eigin aðfangakeðju. Við gerum þetta með því að nota sjálfbært flugvélaeldsneyti. Það er ekki aðeins gott fyrir umhverfið heldur getur það gagnast þér með því að hjálpa þér að skrá koltvísýringsútblástur þinn. Svona er hægt að taka þátt:

- Með GoGreen Plus **grunnsamningi** gildir 30% koltvísýringsminnkun (innsetning) um allar hraðsendingar með flugi.
- Í **MyDHL+**, getur þú valið GoGreen Plus og valið hvaða sendingar þú getur keypt með sjálfbæru flugvélaeldsneyti.
- Einnig er hægt að velja **sérsniðið tilboð** til að lækka kolefnisútblásturinn enn meira.

GoGreen Plus þjónustan okkar varð möguleg í kjölfar tímamótasamstarfssamninga á milli DHL og bp og Neste sem sjá DHL Express fyrir sjálfbæru flugvélaeldsneyti sem reiknað er með að spari um tvær milljónir tonna af losun kolefnis í hringrás flugeldsneytis.

### Leiðtogi í sjálfbærri flugumferð

Rafvæðing **60%** farartækja sem notuð eru við lokaafhendingu og aukinn hlutur sjálfbærs eldsneytis á flutningsleiðum um meira en **30%** árið 2030.

### Kolefnishlutlausar byggingar

Hönnum **allar** nýjar byggingar sem kolefnishlutlausar.

### Úrval grænna vara

GoGreen Plus þjónustan gerir viðskiptavinum sem senda Time Definite International-sendingar (TDI) kleift að setja inn kolefnislosun upp að **100%**.

Með samstarfi getum við gert aðfangakeðjurnar okkar sjálfbærari. Nánar um tímabil sjálfbærra flutninga.

## FRÁBÆRT FYRIRTÆKI SEM VIRKAR FYRIR ALLA

- Laðar að og heldur í mesta hæfileikafólkið
- Öryggismiðuð menning á vinnustað
- Fjölbreyttur og vinalegur vinnustaður

## FYRIRTÆKI SEM NÝTUR MIKILS TRAUSTS

- Reglufylgni er órjúfanlegur þáttur í daglegum rekstri
- Árangursríkt stjórnunarfyrirkomulag hvarvetna í fyrirtækinu
- Birgjar og viðskiptafélagar sem hugsa líkt og fara að reglum

Að tengjast heiminum
Sjálfbærni
Þjónustutilboð
Hvernig á að senda með DHL Express
Stafræn væðing
Svæði og verð

# ÞJÓNUSTUTILBOÐ



Kjarni þjónustu okkar er nákvæm tímasetning á alþjóðaflutningum (e. Time Definite International, TDI) sem tryggir örugga heimsendingarþjónustu vara og skjala til og frá nánast hvaða landi og landsvæði sem er. Hvort sem þörf er á að fá sendingar afhentar að morgni, á miðjum degi eða síðar er alltaf mögulegt að rekja feril sendinga og fylgjast þannig með staðsetningu þeirra í flutningsferlinu.

## ÚTFLUTNINGSÞJÓNUSTA

**DHL Express Worldwide**
Okkar vinsælasta þjónusta, DHL Express Worldwide, býður upp á afhendingu í lok virkra daga um allan heim fyrir hluti allt að 70 kg. og sendingar allt að 3.000 kg.

Við afhendum vörur á áreiðanlegri og fljótari hátt, á fleiri áfangastaði um allan heim með einu samþættu dreifikerfi, en öll önnur hraðsendingarfyrirtæki.

**DHL Express 12:00**
Með DHL Express 12:00 fá viðskiptavinir sendinguna sína fyrir klukkan 12 næsta virka dag. DHL Express 12:00 býður upp á endurgreiðslutryggingu* og heimilar þunga hluti, allt að 70 kg. og sendingar sem eru allt að 300 kg.

**DHL Express 9:00 (10:30 til Bandaríkjanna)**
Úrvalsþjónusta sem býður upp á afhendingu fyrir kl. 9:00 (10:30 til Bandaríkjanna) eftir leiðum sem tryggja afhendingu næsta eða þarnæsta virka dag. Boðið er upp á DHL Express 9:00 á flestum viðskiptastöðum í Evrópu, Miðausturlöndum, Afríku, Asíu, Norður- og Suður-Ameríku. Með DHL Express 9:00 fylgir endurgreiðslutrygging og hentar þjónustan fyrir hluti allt að 30 kg. og sendingar allt að 300 kg.

**Alþjóðleg þjónusta okkar í stuttu máli**

| | DHL Express Worldwide | DHL Express 12:00 | DHL Express 9:00 (10:30 til Bandaríkjanna) |
|---|---|---|---|
| **Þjónustulýsing** | Afhending fyrir lok næsta virka dags | Afhending fyrir klukkan 12 næsta virka dag | Afhending fyrir klukkan 9 (10:30 til Bandaríkjanna) næsta virka dag |
| **Endurgreiðslutrygging** | Nei | Já* | Já* |
| **Lönd og landsvæði** | Yfir 220 | 71 | 33 |
| **Tilraunir til afhendingar** | 2 | 2 | 2 |
| **Hámarksþyngd hluta (ekki á vörubretti)** | 70 kg. | 70 kg. | 30 kg. |
| **Hámarksfjöldi hluta í sendingu** | – | 10 | 10 |
| **Hámarksummmál hluta (L x B x H)**** | 120 x 80 x 80 sm. | 120 x 80 x 80 sm. | 120 x 80 x 80 sm. |
| **Hámarksþyngd vörubretta** | 1.000 kg. | Vörubretti ekki heimiluð | Vörubretti ekki heimiluð |
| **Hámarksþyngd sendinga** | 3.000 kg. | 300 kg. | 300 kg. |
| **Hámarksmál vörubretta (L x B x H)** | 300 x 200 x 160 sm. | Vörubretti ekki heimiluð | Vörubretti ekki heimiluð |

* Viðbótarskilmálar og -skilyrði eiga við, sjá mydhl.express.dhl fyrir frekari upplýsingar.
** Vörusending er talin óásættanleg ef umbúðir eru ekki til staðar eða ófullnægjandi eða ef flutningur vöru gæti valdið skaða á búnaði, annarri flutningsvöru eða starfsfólki. DHL áskilur sér rétt til að hafna eða skila sendingum aftur til flutningsaðila. Takmarkanir gætu breyst með 30 daga fyrirvara.

# ÞJÓNUSTUTILBOÐ

## INNFLUTNINGSÞJÓNUST

Með DHL Express Worldwide Import-þjónustunni okkar er hægt að flytja inn sendingar frá fleiri en 220 löndum og landsvæðum. Þetta eru fleiri lönd og landsvæði en eru í boði hjá öðrum hraðsendingarfyrirtækjum. Ekki nóg með það, heldur getur viðskiptavinur verið t.d. í Bandaríkjunum og pantað vöru frá Kína án þess að þurfa að flytja hana til Bandaríkjanna, hann getur einnig sent vöruna til hvaða áfangastaðar sem er – við köllum þetta sendingu til þriðja lands.

Engin þörf er á staðbundnum milliliðum eða flutningsmiðlurum í ferlinu. Viðskiptavinurinn er við stjórnvölinn og getur stýrt öllum þáttum í sínum innflutningi á mjög einfaldan hátt.

Ef þig vantar hraðari afhendingu þá er DHL Express 12:00 og DHL Express 9:00 þjónusta einnig í boði fyrir innflutning. Hægt er að panta innflutning frá öðru landi og til heimalands viðskiptavinar eða hvaða annars áfangastaðar sem er með því að nota rafrænu vörusendingarþjónustuna okkar fyrir innflutning. Viðskiptavinur fær eitt reikningsnúmer, einn vörureikning í sameiginlegum gjaldmiðli og fast verð sem þýðir að hann veit nákvæmlega hversu mikið hann borgar.

## DHL EXPRESS SKJALASENDING

DHL Express Envelope-þjónustan okkar býður upp á alþjóðlega heimsendingu á léttum skjölum fyrir lok næsta virka dags. Þessi þjónusta býður einnig upp á kolefnisjöfnun án aukagjalds.

- Allt að 300 grömm
- Hægt að senda um allan heim
- Aðeins skjalasendingar
- Umbúðir innifaldar
- GoGreen Plus, kolefnislækkandi þjónusta






# ÞJÓNUSTUTILBOÐ



## ALÞJÓÐAVIÐSKIPTI OG ÞÚ




Röð erfiðleika hefur sett alþjóðaviðskipti í miðju umræðunnar um hagvöxt og þanþol. Hvernig eru horfur nú fyrir alþjóðavæðingu og viðskipti? Er ástæða til að hafa áhyggjur? Eru viðskipti ennþá góð uppspretta vaxtar? Við köfuðum djúpt í gögnin og gerðum ítarlega greiningu byggða á staðreyndum og niðurstöðurnar gætu komið á óvart. Í samstarfi við NYU Stern's Center for the Future of Management og DHL verkefni um hnattvæðingu á þess vegum, rannsakar „DHL Trade Growth Atlas“ hnattræna stefnu í flutningsmálum og flutningsmynstur í 173 löndum víða um heim sem samanlagt standa að meira en 99% heimsviðskipta, vergrar landsframleiðslu og mannfjölda. Þrátt fyrir nýleg áföll og versnandi þjóðhagslegt ástand víða um heim er niðurstaða rannsóknarinnar í heild sinni bjartsýn á horfur fyrir framtíðarvöxt í viðskiptum.

Við þekkjum gildi þess að skilja hnattrænt viðskiptalandslag til langs tíma til að stýra breytingun til styttri tíma í efnahags- og viðskiptavexti. Við aðstoðum viðskiptavini okkar að skilja hvaða merkingu þetta hefur fyrir þeirra fyrirtæki til að hámarka gríðarmikla möguleika hnattvæðingar og alþjóðaviðskipta.

**Aukning í viðskiptum** sem nær til fleiri landa

**Nýir þyngdarpunktar koma í ljós:** miðstöð heimsviðskipta er að færast í suður

**Breyting í samsetningu vara** sem verslað er með hjá þróuðum hagkerfum borið saman við nýmarkaðshagkerfi

## AUKIN TÆKIFÆRI Í ALÞJÓÐLEGRI NETVERSLUN

**Að uppgötva og vaxa**
Á dhl.com/discover er hægt að fræðast meira um það hvernig DHL aðstoðar netverslanir um allan heim, allt frá nýjum fyrirtækjum að stórfyrirtækjum og auðveldar þeim að vaxa á alþjóðavísu. Leiðbeiningar okkar sem beinast að netverslun milli landa, bækur og greinar eins og t.d „Grundvallar B2B E-viðskiptaleiðarvísir“, viðskiptavina- og stefnurannsóknir og markaðsupplýsingar geta verið gagnlegar við að skilja viðskiptavini ásamt þörfum og kröfum markaðarins og hjálpað til við að taka næstu skref í netverslun. Við hjálpum viðskiptavinum okkar að alþjóðavæðast hratt og auðveldlega og nýta sér til fullnustu gríðarlega möguleika. alþjóðlegrar netverslunar.

**Alþjóðleg rafræn verslun**
Við hjálpum viðskiptavinum okkar að alþjóðavæðast hratt og auðveldlega og nýta sér til fullnustu gríðarlega möguleika. alþjóðlegrar netverslunar. DHL styður alþjóðlegan vöxt viðskiptavina með:

- Starfsstöðvum um víða veröld
- Hraðsendingar
- Sveigjanlegir afhendingarvalkostir fyrir viðtakendur (sjá „Afhending eftir þörfum“)
- Tollagjalda og sérþekking í tollafgreiðslu
- Ráðgjöf til viðskiptavina um hvernig á að auka sölu og viðskipti milli landa

**Fljótlegt, sveigjanlegt og þægilegt**
Neytendur vilja fá allt eftir pöntun - hvenær sem er og hvar sem er og helst í gær. Flutningskostir DHL gefa viðskiptavinum greinilegt forskot: Yfir 90% af kaupendum á netinu skoða afhendingarmöguleika áður en þeir kaupa vöru og tíminn frá því gengið er frá kaupum í netverslun til þess að varan er afhent, sveigjanleiki þjónustu og þægindi hefur gríðarleg áhrif á ákvörðun kaupenda á netinu.



# ÞJÓNUSTUTILBOÐ



## VIÐBÓTARÞJÓNUSTA

Sjá gjöld

DHL Express býður upp á víðtæka viðbótarþjónustu, allt frá óhefðbundnum afhendingum og innheimtumöguleikum til kolefnisjöfnunar á sendingum.

**GoGreen Plus**
Þegar GoGreen Plus er valið dregur DHL úr (setur inn) kolefnislosun frá flutningum í lofti með kaupum á sjálfbæru flugvélaeldsneyti. Sjálfbært flugvélaeldsneyti getur minnkað hringrás kolefnisútblásturs um allt að 80% miðað við venjulegt þotueldsneyti. Kolefnisminnkandi þjónusta GoGreen Plus styður við losunarminnkun „Umfangs 3" í samræmi við vísindalegt markmið og frumkvæði. Þetta ferli er endurskoðað árlega af SGS (Société Générale de Surveillance) til að tryggja fylgni við reglur og staðla. Breytileg losunarstig og kolefnislosunarskýrslur eru aðeins fáanleg með samningi.

**Að sækja óvenjulega sendingu eða á óvenjulegum tíma**
Ef fyrirtækið þitt þarf sérstakt farartæki til að sækja óvenjulega sendingu eða þarf að láta sækja vöru utan venjulegs afgreiðslutíma getum við leyst það.

**Að afhenda óvenjulega sendingu eða á óvenjulegum tíma**
Samkvæmt beiðni frá viðskiptavini, tafarlaus eða óvenjuleg, einstök afhending sendingar innan hefðbundins vinnudags eða á frídegi sem krefst sérstaks farartækis eins og vöruflutningabíls með lyftupalli eða fleiri en eins afhendingaraðila.

**Að sækja á laugardögum**
Í löndum þar sem laugardagur er ekki hefðbundinn vinnudagur getur DHL séð um að smærri sendingar, allt að 30 kg., verði sóttar í sérstökum tilvikum. Þessi þjónusta er aðeins í boði á tilteknum póstnúmerasvæðum.

**Afhending á laugardögum**
Við bjóðum upp á afhendingu á laugardögum í helstu borgum í yfir 70 löndum.

**Viðtakandi greiðir**
Þessi þjónusta gerir viðskiptavinum sem eru ekki með reikning kleift að undirbúa og fyrirframgreiða sendingu sem er sótt heim að dyrum og fer beint til viðtakanda. MyDHL+ leiðir innflytjandann í gegnum allan flutningsferilinn, allt frá því að sendingin er sótt heim að dyrum og þar til hún er afhent viðtakanda. Þessi þjónusta nær frá dyrum til dyra og jafngildir því IMP-flutningum með öllum sínum flutningsvalkostum. Aðflutningsgjöld og -skattar eru innheimt með venjubundinni millifærslu en flutningsþjónustan er yfirleitt fyrirframgreidd með kreditkorti.

**Trygging á sendingu**
Við mælum með þessari alhliða tryggingu fyrir dýrmætar eða persónulegar sendingar til að viðskiptavinir geti verið rólegir ef svo ólíklega vildi til að sending verði fyrir skaða eða glatist. Við mælum með þessari alhliða tryggingu fyrir dýrmætar eða persónulegar sendingar til að viðskiptavinir geti verið rólegir ef svo ólíklega vildi til að sending verði fyrir skaða eða glatist. Þessi þjónusta er háð tilteknum takmörkunum og útilokunum eins og lýst er skilmálum okkar

**Aukin ábyrgð**
Ef verið er að senda dýrmæt gögn eins og vegabréf, umsóknir um vegabréfsáritun eða opinber vottorð er hægt að auka við tryggingu og bætur umfram þær sem eru innifaldar í almennri ábyrgð DHL eins og lýst er í skilmálum okkar. Fari svo að fullt tjón eða hlutatjón verði á sendingu verða fastar bætur greiddar án tillits til endurnýjunarverðs skjalsins.

### TOLLAREIKNINGSÞJÓNUSTA

**Tollagjöld, greidd**
DHL getur komið því svo fyrir að flutningsaðili eða þriðji aðili fái reikninginn fyrir gjöld og skatta sem greiða á við afhendingu, frekar en að móttakandi sendingar fái reikninginn. Gjöld eiga alltaf við þegar um tollagjöld, skatta eða stjórnsýslugjöld er að ræða og flutningsaðili hefur farið fram á að þau verði innheimt í öðru landi en því sem er ákvörðunarstaður.

**Tollgjöld: Reikningsviðskiptavinir**
DHL flýtir fyrir tollafgreiðslu með því að greiða viðeigandi tolla- og skattgjöld sem tengjast sendingunni en viðtakandi getur frestað greiðslu til umsaminnar dagsetningar.

**Tollgjöld: Viðskiptavinir sem ekki eru í reikningsviðskiptum**
Þessi sjálfgefna þjónusta nær til alls innflutnings á skjalalausum sendingum þar sem DHL hefur notað greiðslufrest sinn í tolli til að standa skil á eða tryggja greiðslu á tollgjöldum, sköttum eða stjórnsýslugjöldum fyrir hönd þeirra innflutningsaðila og neytenda sem DHL hefur enga samninga við.

Ítarlegan lista yfir viðbótarþjónustu er að finna á mydhl.express.dhl.

*Heldur áfram á næstu blaðsíðu*

Að tengjast heiminum
Sjálfbærni
▶ Þjónustutilboð
Hvernig á að senda með DHL Express
Stafræn væðing
Svæði og verð

# ÞJÓNUSTUTILBOÐ

Útflutnings þjónusta | Innflutnings þjónusta | Alþjóðaviðskipti og þú | Viðbótar þjónusta | Þjónustu- og aukagjöld | Tollafgreiðsla og þjónusta

## VIÐBÓTARÞJÓNUSTA

Sjá gjöld

**Pakkningar**
Gjöld eiga við um allar staðlaðar DHL-pakkningar, þ. á m. dreifibréf í plasti sem koma í magnpakkningum eða stöflum.

**Sending geymd áður en hún er sótt**
Ef flutningsaðili óskar er sending geymd í sjálfgefinni DHL-afhendingarstöð til að verða sótt þangað, frekar en að reyna afhendingu heima hjá viðtakanda. Þjónustan er bókuð í gegnum þjónustuver eða viðeigandi sendingarverkfæri. Móttakandinn fær skilaboð frá áfangastaðnum þegar sendingin er tilbúin um afhendingu og upplýsingar um á hvaða stað á að sækja hana. Nauðsynlegt er að gefa upp símanúmer viðtakanda.

**Heimilisfang búsetu**
Viðskiptavinir sem senda varning til heimils eða einkabústaðar geta farið fram á sérstaka afhendingu með því að tilgreina heimilisfang þar sem afhending á að fara fram sem heimilisfang búsetu. Fyrir slíkar sendingar lætur DHL Express, að fyrra bragði, móttakandann vita um framgang sendingarinnar með tölvupósti eða smáskilaboðum. Móttakendur geta síðan valið hentugasta afhendingarkostinn á On Demand Delivery-vefsvæðinu.

**Undirskrift**
Ef verið er að senda viðkvæm skjöl eða mjög mikil verðmæti er hægt að fara fram á að DHL fái undirskrift viðtakanda eða fulltrúa hans á afhendingarstað. DHL tryggir að sendingu sé ekki beint annað eða hún afhent á öðru heimilisfangi en kemur fram á farmbréfi.

**Undirskrift fullorðins einstaklings**
Afhending sendingar til fullorðins einstaklings. DHL fær undirskrift við afhendingu frá fullorðnum einstaklingi á tilskyldum afhendingarstað.

**Engrar undirskriftar krafist**
Eftir beiðni frá viðtakanda er DHL leyfilegt að skilja sendingu eftir á fyrirfram ákveðnum stað án undirskriftar við afhendingu.

**Breytingar á útgáfu reikninga**
Þetta á við þegar viðskiptavinur fer fram á breytingu á skilgreindum reikningsupplýsingum á vörureikningi sem þegar hefur verið gefinn út sem skilar sér í endurútgáfu á vörureikningnum og, ef um er að ræða breytingu á reikningi, að færa gamla reikninginn til tekna og skuldfæra á nýjan reikning.

**Hlutlaus afhending**
Þessi þjónusta gildir um afhendingu á skjalalausum sendingum en þar sem vörureikningurinn er fjarlægður fyrir afhendingu þá sér viðtakandi ekki andvirði sendingarinnar.




Ítarlegan lista yfir viðbótarþjónustu er að finna á mydhl.express.dhl.

# ÞJÓNUSTUTILBOÐ



## ÞJÓNUSTU- OG AUKAGJÖLD

Sjá gjöld

Til að viðhalda framúrskarandi þjónustustigi leggur DHL Express aukagjöld á óvenjulegar sendingar. Við tryggjum að þessi aukagjöld séu sanngjörn í garð allra viðskiptavina.

**Aukagjald á eldsneyti**
Aukagjald á eldsneyti fyrir International Time Definite-þjónustu verður byggt á daglegu meðaltalsstundargengi á steinolíukenndu þotueldsneyti frá Bandaríkjaströnd Mexíkóflóa, eins og tilkynnt er af bandaríska orkumálaráðuneytinu á milli útgáfu 3. viku fyrri mánaðar og útgáfu 3. viku núverandi mánaðar. Til dæmis er daglegt meðaltalsverð fyrir eldsneyti frá 18. apríl til 15. maí notað til að ákvarða viðeigandi aukagjald í júní.

Aukagjald á eldsneyti á við um flutningsgjöld á alla þjónustu og um eftirfarandi aukagjöld (þar sem við á): Afhending á laugardögum, að sækja á laugardögum, aukin áhætta, álagsgjald, neyðartilvik, afhending á afskekkt svæði, að sækja á afskekkt svæði, að sækja óvenjulega sendingu eða á óvenjulegum tíma, að afhenda óvenjulega sendingu eða á óvenjulegum tíma, heimilisfang búsetu, þungir hlutir, stórir hlutir og vörubretti sem ekki er hægt að stafla.

DHL áskilur sér rétt til að gera breytingar á atriðaskrá og skrá fyrir aukagjald á eldsneyti, með eða án fyrirvara. Bæði upphæð og gildistími aukagjaldsins verður ákveðið af DHL.

**Afskekkt svæði**
Þjónustugjald á við um sendingar sem eru sóttar eða afhentar utan þjónustusvæðis DHL eða á afskekkta staði sem erfitt er að nálgast.

**Þungir hlutir**
Fast aukagjald er lagt á alla hluti, þ.m.t. vörubretti, sem fara fram úr mælikvörðum eða 70 kg. rúmmálsþyngd.

**Stórir hlutir**
Fast aukagjald á við um alla hluti, þ.m.t. vörubretti, ef ein hliðin fer yfir 120 cm. Gildir ekki um hluti sem eru þegar með aukagjald sem þungir hlutir.

**Vörubretti sem ekki er hægt að stafla**
Fast aukagjald er lagt á öll vörubretti í sendingu sem ekki er hægt að stafla, annaðhvort vegna beiðni frá flutningsaðila eða vegna lögunar, innihalds eða umbúða. Þetta aukagjald á ekki við um pakka undir 30 kg.

**Álagsgjöld**
Eitt eða fleiri álagsgjöld gilda um sendingar á hánannatíma. Háannatímabil skulu ákvörðuð af DHL en þau gætu verið tímabil þar sem mikil eftirspurn er eftir sendingarþjónustu eða tímabil með háum rekstrarkostnaði. Upplýsingar um álagsgjöld er að finna í mydhl.express.dhl og eru háð breytingum með fyrirvara. Álagsgjöld safnast upp ef sending og/eða einstakir hlutir uppfylla fleiri en eitt tiltekið skilyrði. Álagsgjöld bætast við verð og önnur gildandi gjöld.

**Neyðartilvik**
Tímabundið aukagjald af völdum aukins rekstrarkostnaðar vegna neyðarástands sem ekki er á valdi DHL að stýra. Breytingar á hreyfiöflum markaðsins og loftflutningagetu endurspeglast í reglulegum verðleiðréttingum. Þetta gjald verður lagt á í réttu hlutfalli við gjaldskylda þyngd (þyngd á reikningi) sendingar.

**Óvenjulegt magn**
Fast aukagjald er lagt á ef meðhöndlun og flutningur felur í sér efni og vörur sem eru í óvenjulegu magni í samræmi við reglur IATA um hættulegar vörur. Samningsbundins samkomulags er krafist.

**Þurrís**
Aukagjald er lagt á ef flutningur á sendingum felur í sér meðhöndlun á þurrís UN1845 sem frystiefni fyrir vörur sem ekki eru hættulegar, t.d. greiningarsýni. Samningsbundins samkomulags er krafist.

**Líffræðilegt efni UN3373**
Sendingar sem innihalda líffræðileg efni í flokki B (UN3373) eða erfðabreyttar lífverur skv. UN3245 eru aðeins samþykktar sem læknisfræðilegar sendingar DHL. Samningsbundins samkomulags er krafist.

Ítarlegan lista yfir aukagjöld er að finna á mydhl.express.dhl.

*Heldur áfram á næstu blaðsíðu*

# ÞJÓNUSTUTILBOÐ



## ÞJÓNUSTU- OG AUKAGJÖLD

Sjá gjöld

**Litíumrafhlöður, II. hluti**

**Sending á litíumrafhlöðum** *með* **búnaði**
Þjónustugjald verður lagt á litínjóna- og litíummálmrafhlöður **með** búnaði. Pakkning verður að vera í samræmi við viðeigandi leiðbeiningar um pakkningar frá IATA: 966 fyrir litínjóna og 969 fyrir litíummálm, II. hluti, í þessari röð. Aðeins samþykkt frá samþykktum flutningsaðilum.

**Sending á litíumrafhlöðum** *í* **búnaði**
Sendingar sem innihalda litínjóna- eða litíummálmrafhlöður **í** búnaði eru aðeins samþykktar í samræmi við viðeigandi leiðbeiningar um pakkningar frá IATA: 967 fyrir litínjóna og 970 fyrir litíummálm, II. hluti, í þessari röð.

DHL **samþykkir ekki** neina sendingu sem vitað er að inniheldur eða grunur er um að innihaldi gallaðar eða skemmdar rafhlöður.

**Hættulegur varningur**
Aukagjald er lagt á hverja sendingu ef flutningur felur í sér meðhöndlun á efni og vörum sem settar eru undir fullkomna stjórnun í samræmi við reglur IATA um hættulegar vörur. Samningsbundins samkomulags er krafist.

**Takmarkað magn**
Aukagjald er lagt á hverja sendingu ef meðhöndlun og flutningur felur í sér efni og vörur sem eru í takmörkuðu magni. Í samræmi við reglur ADR og má ekki senda með flugi. Slíkar hættulegar vörur mega ekki vega meira en 30 kg hver um sig og viðurkenndir flutningsaðilar verða að samþykkja þær. Samningsbundins samkomulags er krafist.

**Leiðrétting á heimilisfangi**
Fast aukagjald er lagt á hverja sendingu ef vantar inn í afhendingarheimilisfangið sem flutningsaðilinn gefur upp, það er úrelt eða rangt og DHL getur þ.a.l. ekki afhent sendinguna. DHL leitar að og ákvarðar rétt heimilisfang til að ljúka afhendingu.

**Innsláttur gagna**
Aukagjald á við ef sendingarmiði er ekki fylltur út á réttan hátt eða hefur ekki verið gerður rafrænt skv. stöðlum DHL og því verður DHL að skrá gögn handvirkt.

**Öryggisgjöld**
Aukagjöld gætu átt við þegar sent er til eða flutt inn frá landi þar sem DHL starfar við aukna áhættu vegna stríðsátaka, uppþota eða stöðugra hryðjuverkahótana (**aukin áhætta**), eða þegar sent er til eða flutt inn frá landi sem sætir viðskiptaþvingunum af hendi öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eða innlendri löggjöf eins og Evrópusambandinu eða bandaríska ráðuneytinu um stjórnun erlendra eigna (OFAC) (**landsvæði háð takmörkunum**).




Ítarlegan lista yfir aukagjöld er að finna á mydhl.express.dhl.

# SERVICE OFFERING



## TOLLAFGREIÐSLA OG ÞJÓNUSTA

Sjá gjöld

Víðfeðm þekking DHL og reynsla, bæði af staðlaðri og ekki hefðbundinni tollafgreiðslu, auðveldar viðskiptavinum að rata um tollalandslagið. Fáðu svör við mörgum spurningum með nýja vefverkfærinu okkar, My Global Trade Services-verkfærinu (sjá bls. 17), sem hjálpar þér að ná yfir landamæri og einbeita þér að kjarnastarfseminni.

**Óvenjubundin inngangа**
Á aðeins við þegar sendingar þarfnast óhefðbundinnar tollafgreiðslu vegna verðmætis, þyngdar og/eða vörutegundar eins og skilgreint er af tollyfirvöldum á áfangastað. Getur einnig átt við í ákveðnum löndum þar sem DHL ber lagaleg skylda til að útvista formlegri tollafgreiðslu til þriðja aðila tollmiðlara með leyfi.

**Tollafgreiðsla**
Gildir í völdum löndum þar sem viðbótarkostnaður er innheimtur fyrir innflutningssendingar í samræmi við kröfur opinberra stofnana.

**Heimildir og leyfi**
Til að flýta fyrir innflutningi á völdum stýrðum vörum eins og lækningatækjum, lyfjum, tölvuskjám, geislaspilurum, snyrtivörum, gleraugum, mat og matvörum verður DHL að leggja inn sérstakar upplýsingar til að fá þær innflutningsheimildir eða -leyfi sem krafist er.

**Tollvörugeymsla**
Geymslugjöld eiga við þegar ekki er hægt að afgreiða sendingu úr tolli vegna ónákvæmra eða týndra pappíra. Gjöld taka gildi þrjá dagatalsdaga eftir komu farmsins eða tilkynningu frá miðlara, hvort sem er seinna. Gjöldin beinast að greiðanda tolla og skatta.

**Fjöllínufærsla**
Gjöld eiga við þegar fleiri en fimm línur er skráðar í tollafgreiðslu, t.d. með mismunandi vörur eða mismunandi framleiðslulönd.

**Lausn til miðlara**
Ef innflytjandi fer fram á það yfirfærir DHL sendinguna og tengd tollskjöl til þess miðlara sem viðskiptavinur hefur tilnefnt fyrir tollafgreiðslu og afhendingu.

**Tilkynning til tollamiðlara**
Að beiðni innflytjanda mun DHL útvega nauðsynlegum pappírsvinnu til tilnefnds miðlara viðskiptavinarins til að framkvæma innflutningsúthreinsun og halda áfram afhendingu á lokaáfangastað þegar úthreinsun er lokið. DHL ber í kjölfarið ekki ábyrgð á tímanleika afhendingu til tollgæslu eða fyrir losun sendingarinnar.

**Önnur opinber stofnun**
Samkvæmt beiðni sér DHL um ljúka við eftirlit með dýrum eða dýraafurðum, heilbrigðis- eða plöntueftirlit, í fyrsta komustað í landi eða tollabandalagi. Þessa er yfirleitt krafist þegar verið er að flytja inn dýraafurðir, plöntur, fræ eða lyfjafræðilegar vörur.

**Tollbundinn flutningur**
Tollbundinn flutningur á við um sendingar bæði til útflutnings og innflutnings hvenær sem þess er krafist af DHL að það opni, hafi umsjón með eða greini frá hvers konar flutningum undir tollinnsigli.

**Tímabundinn inn- og útflutningur**
Að beiðni viðskiptavinar greiðir DHL fyrir tímabundnum innflutningi/útflutningi á vörum með því að leggja fram þau skjöl sem krafist er, eins og ATA-ábyrgðarskírteini, og fylgja áskildum tollafgreiðsluferlum sem tollyfirvöld tilgreina.

**Forgangur vegna uppruna**
Ef flutningsaðili fer fram á það, hafa áætlanir um eða útvegun á upprunavottorði/sönnun um forgangsrétt eða öðrum svipuðum eyðublöðum hjá DHL til að votta vörur í tilteknum útflutningssendingum verið lagðar fram, búnar til eða unnar í tilteknu landi sem heimilar að forgangstollagjöld séu innheimt á áfangastað og/eða í samræmi við viðskiptahindranir. Algeng dæmi are EUR1 og ATR.

**Útflutningsskýrsla**
Á við í löndum þar sem útflutningsskýrslu er krafist fyrir sendingar sem innihalda stýrðar vörur eða fara yfir tiltekinn verðþröskuld eða vigt. Þar sem sjálfvirk útflutningskerfi eru aðgengileg almenningi geta flutningsaðilar komist hjá gjöldum með því að leggja útflutningsskýrsluna fram á netinu. Ef um er að ræða IMP-reikningsfærðar sendingar mun DHL leggja fram útflutningsskýrslu til að hraða útflutningi frá upprunastað og senda gjaldið á greiðslureikning.

Ítarlegan lista yfir tollagjöld er að finna á mydhl.express.dhl.

# HVERNIG Á AÐ SENDA MEÐ DHL EXPRESS



## AÐ UNDIRBÚA SENDINGU: ÞAÐ ER LEIKUR EINN

**1 Þyngd sendingar**

- Vigtaðu og mældu sendinguna.
- Ef verið er að senda létta en umfangsmikla sendingu þar sem rúmmálið (í þrívídd) er meira en raunveruleg þyngd er sendingarkostnaður reiknaður út frá plássinu sem sendingin tekur í flugvélinni. Þetta eru staðlaðar IATA reglur. Til að reikna út rúmmálsþyngd sendingar er lengd og hæð og breidd í sentimetrum einfaldlega margfölduð saman, síðan er deilt í heildartöluna með 5.000 fyrir hvern hlut í sendingunni.
- DHL áskilur sér rétt til að vigta og/eða mæla alla hluti í sendingunni aftur til að staðfesta útreikninga.

**2 Gögn sem krafist er: fylgibréf**

- llum sendingum sem fara með DHL Express skal fylgja útfyllt DHL-fylgibréf eða merkimiði sem er vandlega festur við hvern hlut. Þetta auðveldar hnökralausa sendingu eftir DHL-kerfinu. Hvert fylgibréf eða merkimiði er merktur hver fyrir sig til að viðskiptavinir geti fylgst með sinni sendingu frá afgreiðslu til afhendingar.
- Tollskjöl, eins og viðskipta- eða bráðabirgðareikningar, gætu einnig þurft að fylgja sendingu, sem og viðbótarskjöl, en það fer eftir innihaldi og andvirði sendingar og landinu sem verið er að senda til.

**3 Gögn sem krafist er: vörureikningur**

- Viðskipta- eða bráðabirgðareiknings er krafist þegar verið er að senda skjalalausar sendingar til landa og landsvæða utan upprunalands eða tollabandalags. Þetta er í grundvallaratriðum tollskýrsla sem inniheldur öll smáatriði viðskipta og tollyfirvöld nota til að meta hvort tollar og skattar eru greiðanlegir.
- Vörureikningur er notaður þegar vörur eru hluti af verslunarviðskiptum eða ætlaðar til endursölu.
- Bráðabirgðareikningur er notaður þegar verið er að senda vörur sem hafa ekkert söluverðmæti (t.d. sýnishorn).



Að tengjast heiminum
Sjálfbærni
Þjónustutilboð
▶ Hvernig á að senda með DHL Express
Stafræn væðing
Svæði og verð


# HVERNIG Á AÐ SENDA MEÐ DHL EXPRESS



## AÐ UNDIRBÚA SENDINGU REIKNINGUR

Þetta reikningsmát nær yfir þá lykilþætti sem krafist er fyrir vel heppnaða tollafgreiðslu. Til að hjálpa okkur að tryggja að þjónustan sem við veitum sé skilvirk og af háum gæðum skaltu fara á mydhl.express.dhl til að fá frekari leiðbeiningar.

### COMMERCIAL INVOICE

| SENDER | GENERAL INFORMATION |
|---|---|
| Company Name:<br>Contact Name:<br>Building Name:<br>Street Name & Number:<br>Postcode:<br>City/Country:<br>Business/Private:<br>Phone:<br>Email:<br>Tax ID/VAT Number:<br>EORI Number: | Date:<br>Waybill Number:<br>Invoice Number:<br>Shipment Reference Number:<br>Receiver Reference Number: |
| **RECEIVER** | **BILLED TO/IMPORTER OF RECORD (IOR)** *(if different from Receiver)* |
| Company Name:<br>Contact Name:<br>Building Name:<br>Street Name & Number:<br>Postcode:<br>City/Country:<br>Business/Private:<br>Phone:<br>Email:<br>Tax ID/VAT Number:<br>EORI Number: | Company Name:<br>Contact Name:<br>Building Name:<br>Street Name & Number:<br>Postcode:<br>City/Country:<br>Business/Private:<br>Phone:<br>Email:<br>Tax ID/VAT Number:<br>EORI Number: |

**OTHER REMARKS**

*Please add any additional critical information or specific country clearance requirements that might be relevant e.g. bank details, special formalities etc.*

| Line Number | Full Description of Goods | Commodity Code *(Full Import HS Code Preferred)* | Country of Origin | Qty | Unit Value *& Currency* | Sub-Total Value *& Currency* | Net Weight | Gross Weight |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | | | | | |
| 2 | | | | | | | | |
| 3 | | | | | | | | |
| | | | | | | Total Goods Value *& Currency* | Total Net Weight | Total Gross Weight |
| | | | | | | | | |

| | |
|---|---|
| Number of Invoice Line Items: | |
| Total Units: | |
| Number of Pieces: | |

| | |
|---|---|
| Insurance Cost: | |
| Freight Cost: | |
| Other Costs: | |
| VALUE (for Customs Purposes): | |
| Import Customs Duties – *pre calculated* | |
| Import Taxes (VAT/GST) – *pre calculated* | |
| TOTAL (with Import Customs Duties/Taxes): | |

| | |
|---|---|
| Reason for Export: | |
| Type of Export: | |
| INCOTERM: | |
| INCOTERM Place: | |

| | |
|---|---|
| Terms of Payment: | |
| Payer of GST/VAT: | |
| Duty/Tax Billing Svc: | |

| | |
|---|---|
| Carrier: | |
| Ultimate Consignee: | |

| | |
|---|---|
| Export License Number: | |
| Import License Number: | |

I/we certify the information on this invoice is true and correct and that the contents of this shipment are as stated above.

Name: ____________________ Title: ____________________ Email: ____________________

Date: ____________________ Signature: ____________________



Að tengjast heiminum
Sjálfbærni
Þjónustutilboð
▶ Hvernig á að senda með DHL Express
Stafræn væðing
Svæði og verð

# HVERNIG Á AÐ SENDA MEÐ DHL EXPRESS



## AÐ PAKKA INN SENDINGU

Til að tryggja að sendingar komist heilar og öruggar í gegnum alþjóðlegt flurninganet DHL Express er mikilvægt að þeim sé pakkað inn og þær merktar rétt.

**Leiðbeiningar við innpökkun**

- Ef verið er að endurnota umslög eða kassa skal tryggt að gamlir miðar og merkingar séu fjarlægð
- Vinsamlegast festu farmbréfið örugglega á hvert stykki í sendingunni þinni. Hægt er að hugsa sér fylgibréfið sem flugmiða og að það eigi eftir að seinka afhendingu ef hann verður viðskila við sendinguna
- Strikamerkin á fylgibréfinu eru skönnuð mörgum sinnum á leiðinni. Vinsamlegast tryggið að strikamerkin séu flöt og ekki hulin límbandi, umbúðaplasti eða böndum
- Vinsamlegast settu frambréfið efst eða á hlið hvers stykkis/hlutar í sendingunni og vertu viss um að farmbréfið skarist ekki í horn eða brúnir á kössum
- Notið nægilega mikið af hlífðarumbúðum fyrir brothætta eða viðkvæma hluti og tryggið að þeir séu eins langt og mögulegt er frá kassahornum
- Vinsamlegast sýnið sérstaka aðgát þegar hvössum hlutum er pakkað inn til að koma í veg fyrir meiðsl á starfsmönnum okkar. Það ætti að vera alveg öruggt að innihaldið stingist ekki í gegnum umbúðirnar
- Allir stakir hlutir yfir 70 kg. ættu að vera á vörubretti. Ef verið er að senda marga hluti er ekki nauðsynlegt að setja hvern einstakan hlut á vörubretti nema þeir vegi meira en 70 kg. Til dæmis þarf ekki að setja sendingu sem samanstendur af fjórum 25 kg. hlutum á vörubretti

**DHL-umbúðir**

Við bjóðum upp á margs konar hágæða DHL-merktar umbúðir sem henta fyrir sendingar af öllum stærðum og gerðum. Fáanlegar vörur eru m.a.:

- Bréfapokar
- Skjalaumslög úr pappa
- Kassar í mörgum stærðum
- Flöskukassar

Frekari upplýsingar er að finnna í leiðbeiningum um pakkningar á mydhl.express.dhl.

**Bannaðar og takmarkaðar vörur**

**Bannaðir hlutir**

DHL samþykkir ekki eftirtalda hluti til flutnings. Listinn inniheldur hluti sem eru bannaðir til flutnings með lögum, reglugerðum eða samþykktum hjá alríkisyfrvöldum, fylkisstjórnum eða sveitarstjórnum í hverju því landi sem verið er að flytja hluti til, frá eða í gegnum. Fyrir alþjóðlega flutninga gæti viðtökuland tilgreint fleiri hluti sem eru bannaðir.
DHL getur, að eigin frumkvæði, neitað að flytja aðra hluti en þá sem eru tilgreindir hér að neðan.

- Málmstangir (úr hvaða eðalmálmi sem er)
- Kannabis
- Reiðufé (löglegir gjaldmiðlar - peningaseðlar, gjaldeyrir og mynt)
- Skotvopn, skotfæri, sprengiefni/sprengjur, þ.m.t. óvirk sprengiefni og prófunarhlutar, loftbyssur, eftirlíkingar og gerviskotvopn
- Líkamsleifar fólks eða jarðneskar leifar í hvaða formi sem er
